

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]
um athugun á endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni.

Flm.: Gunnar Már Kristófersson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvernig best verði hagað endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni, þannig að komið verði í veg fyrir hættu af grjóthruni og snjóflóðum.

Greinargerð.

Á árunum 1963 og 1964 var lagður vegur fyrir Ólafsvíkurenni er tengir saman Neshrepp utan Ennis og Ólafsvík. Með honum opnaðist hringleið um Snæfellsnes sem tengir saman alla þéttbýlisstaði þar og sveitahéruð.

Vegurinn er mikil samgöngubót fyrir íbúa á norðanverðu Snæfellsnesi auk þess sem hann er nauðsynlegur vegna heilsugæslu, atvinnurekstrar og annarra samskipta þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi. Það er viðurkennt vandamál, að þessi vegur er hættulegur vegna grjóthruns og snjóflóða, en hann hefur þá sérstöðu umfram aðra vegi lagða við svipaðar aðstæður, að hann er að hluta lagður í snarbrattri skriðu þar sem engir einstakir steinar hanga utan í, heldur er öll skriðan úr lausum steinum þar sem losun á einum getur valdið losun á öðrum og þar með allri skriðunni.

Vestast í Enninu er vegurinn sprengdur inn í þursaberg, en ofan við það er laus snarbrött skriða.

Vandamálið er þriþætt: Í fyrsta lagi hrun á bæði smáu og stóru grjóti úr skriðu og hátt ofan úr fjalli, í öðru lagi hætta á falli stórra stykkja úr þursaberginu ofan á veg, og í þriðja lagi er einnig fyrir hendi hætta á snjóflóðum, sem falla ekki ósjaldan.

Nokkrar umræður hafa farið fram um möguleika á að koma í veg fyrir þessar hættur, bæði meðal vegagerðarmanna og heimamanna, og hefur helst verið hallast að því, að um tvær lausnir væri að ræða: Að byggja yfir veginn og þannig láta hrun og snjóflóð fara yfir hann og fram í sjó. Er talið að byggja þurfi yfir um 1000 metra af honum til að koma í veg fyrir hrun og snjóflóðahættu. Önnur lausn gæti hugsanlega verið að byggja veginn fram í sjó, en sá vegur gæti líklega orðið laus við hrun, hins vegar mætti búast við að snjóflóð gætu náð fram á hann. Vegurinn yrði að vera mjög hár til að verja hann fyrir sjávaröldum, því að sjávarsveifla á þessum slóðum er um 5 metrar. Talið er að lengd vegar, ef byggður yrði út í sjó, þyrfti að vera um 1500 metrar.

Um fleiri leiðir gæti verið að ræða til að draga úr hættu á þessum vegi, þó talið sé að þessar tvær séu líklegastar til bóta.

Ályktun þessi miðar að því, að ríkisstjórnin láti kanna hvernig gera megi þennan veg hættulausan og þannig tryggja öruggari samgöngur milli þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi.